

AUGLÝSING

um deiliskipulag Þjóðólfshaga 1, Holta- og Landsveit.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Holta- og Landsveitar þann 15. maí 2000 samþykkt deiliskipulag sumarhúsahverfis í landi Þjóðólfshaga 1.

Deiliskipulagið tekur til 79 ha svæðis sem afmarkast að norð-vestanverðu við Neðri-Sumarliðabæ, að austan við lönd Fosshóla, Þjóðólfshaga 2 og Meiri-Tungu 3 og þjóðvegi 1 að sunnanverðu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Holta- og Landsveit, 19. febrúar 2001.

F. h. sveitarstjórnar,

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Nr. 145

14. febrúar 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kaldrananeshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Kaldrananeshrepps þann 7. desember 2000 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Sunnudals, Kaldrananeshreppi.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Drangsnesi, 14. febrúar 2001.

Guðmundur B. Magnússon oddviti.

Nr. 146

19. febrúar 2001

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

9. mgr. 18. gr. orðast svo:

Nú stenst nemandi ekki próf og er honum þá heimilt að endurtaka það einu sinni án kostnaðar. Þurfi nemandi að taka prófið í þriðja sinn þá greiðir hann 4.000 kr. Eftir þriðju tilraun ber nemandi að greiða hálftrúnaðargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1999, fyrir hverja próftilraun. Greiðsla fer fram við skráningu í próf.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 19. febrúar 2001.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Steingrímur Jónsson,
varaforseti háskólaráðs.*